



Auglýsing um skipulagsmál - Skagafjörður

Tillaga að deiliskipulagi – Frístundabyggð við Varmahlíð

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 15. fundi sínum þann 28. júní 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Varmahlíð skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagssvæðið er 27,8 ha og liggur milli Víðimýrarár og Reykjarhóls. Í tillögunni er gert ráð fyrir 26 nýjum frístundalóðum í nýjum götum A og B. Settir eru fram byggingarskilmálar fyrir núverandi og nýjar lóðir. Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2022-2035 er svæðið skilgreint sem frístundabyggð.



Tillagan er auglýst frá 5. júlí til og með 16. ágúst 2023. Tillagan

mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is. Hér eftir verður einnig hægt að skoða skipulagsmál í Skagafirði á nýrri skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is. Þar er jafnframt hægt að senda inn athugasemdir og ábendingar meðan á kynningartíma stendur. Hægt er að leita eftir málsnúmer fyrir frístundabyggð í Varmahlíð (295/2023).

Athugasemdir og ábendingar varðandi skipulagstillöguna skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is í síðasta lagi 16. ágúst 2023.

Nafnasamkeppni – nýjar götur í frístundabyggð við Varmahlíð

Samhliða auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar við Varmahlíð óskar Skagafjörður eftir tillögum frá íbúum um heiti á nýjum götum A og B sem skilgreindar eru í skipulaginu, sjá skipulagsuppdrátt. Hægt er að skila inn tillögum til skipulagsfulltrúa í afgreiðslu ráðhússins eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is til 16. ágúst n.k.